

SAMANTEKT

SNJÓMOKSTUR OG HÁLKUVÖRN Í HAFNARFIRÐI

TÍMABIL

1.jan – 31.des 2015

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Upplýsingar	4
Stefnumörkun í snjómokstri	4
Hafnarfjarðarbær – Stefnumörkun á snjómokstri 19/1/2015	5
Þjónustustig.	5
Vetrarkort.....	8
Vinnukort	10
Tæki þjónustumiðstöðvar	15
Verkstaðir.....	16
Efni	16
Útköll.....	17
Starfsmenn.....	17
Aðkeyptar vinnuvélar (verktakar)	17
Innhringingar og ábendingar.....	18
Staðsetningarbúnaður	19
Kostnaður í snjó og hálkuvörnum	20
Samantekt	21
Fylgiskjöl.....	22

Inngangur

Samantekt þessi fjallar um vinnuferlið í snjó og hálkuvörnum í Hafnarfirði ásamt samantekt á snjó og hálkuvörnum hjá Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar árið 2015

Tekið er saman almennar upplýsingar um hvernig staðið er að snjómokstri og hálkuvörn í Hafnarfirði og hvernig Hafnarfjarðarbær er útbúinn þegar hálka eða snjór kemur.

Upplýsingar

Á vef Hafnarfjarðarbæjar eru allar upplýsingar um hvernig staðið er að snjómokstri í Hafnarfirði. Þar er að finna stefnumörkun, vinnuferlið og einnig teikningar sem sýna hvernig forgangsröðun er háttað í snjó og hálkuvörnum á götur og stígum.

Stefnumörkun í snjómokstri

Gerð hefur verið stefnumörkun sem tilgreinir eftir hverju er farið þegar kemur til hálkuvagnar og snjómokstur í Hafnarfirði.

Í stefnumörkun eru götur flokkaðar í 4 flokka eftir forgangi og tilgreint hvaða þjónustu Hafnarfjarðarbær leitast eftir að geta veitt.

Sama er gert með stéttar og stíga en þar eru flokkarnir 3.

Stefnumörkunin er yfirfarin á hverju ári, teknar saman upplýsingar sem komu frá vetrinum á undan og metið hvort þörf sé á breytingum.

Meðfylgjandi er stefnumörkun sem er í gangi í dag en henni var síðast breytt 19.01 2015.

Hafnarfjarðarbær – Stefnumörkun á snjómokstri**19/1/2015****Snjómokstur í Hafnarfirði**

Umhverfis- og hönnunardeild er með yfirumsjón á hálfu- og snjóvörnum og sér um skipulagningu og undirbúning. Vinna og stýring er í höndum Þjónustumiðstöðvar Hafnarfjarðar (PMH)

Vaktir vegna hálfu og snjóvarna byrja almennt 15.okt og standa til 15.april. Verkstjórar hjá PMH skipta með sér vöktum

og stýra framkvæmdum.

Kort með forgangsröðun á hálfu og snjóruðningi skal vera aðgengileg á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.

Notast er við þau tæki sem Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar á og einnig er leitast eftir að fá verktaka þegar þess þarf. Stærsti hluti hálfuvarnar á A-götum er unnið af Þjónustumiðstöð með 3 Iveco pallbílum með salttrog og tönn og krókheysisvörubifreið með salttrog og tönn.

Gerður er samningur um saltkaup.

Útkall vegna hálfu er gerð í samvinnu milli Strætó og verkstjóra á vakt.

Hálfuvörn-götur

Hálfuvarnir skal vera stýrt af viðkomandi verkstjóra á vakt hjá PMH.

Hálfuvarnir eru fyrst og fremst fyrirbyggjandi aðgerðir þar sem notast er við söltun og ruðning.

Ákvarðanir skulu teknar út frá ástandi vega og veðurfari, þ.e.a.s. langtímaspám, veðurútliti framundan, mati á líðandi stundu (verkstjórar á vakt, tilkynningar frá strætó), umferð og umferðarflæði.

Götum í Hafnarfirði er skipt upp í 4 flokka

- A-götur (rauðar) Aðalgötur, strætóleiðir, stofngötur
- B-götur (gular) Leiðir að skólum, leikskólum, safngötur, milligötur og ákveðin plön og húsagötur.
- C-götur (grænar) Aðrar götur sem þarf að hafa í huga vegna hálfu
- D-götur (ólitað) húsagötur og botngötur, minni götur.

A-götur:

A-götur eru aðalgötur, strætóleiðir, stofngötur.

Þjónustustig.

Markmið að halda viðnámsstuðli yfir 0,25 (hálfu þegar viðnámsstuðull er undir 0,25) á tímabilinu 07:30 – 22:00.

Leitast skal við að halda vegum hálfuásum og hálfuverja skal vegi þegar hætta er á að hálfu myndist.

Öryggi

Öryggi umferðar haft í fyrirrúmi, halda flæði umferðar eðlilegu og leitast eftir að hafa snjó og ís í lámarki.

Reynt verði að bregðast við hálfu við fyrsta tækifæri og vegur hálfuvarinn þegar hætta er á hálfu eða hálfu myndast.

Þegar vegyfirborð fer undir -10°C og/eða þegar söltun kemur ekki að gagni skal sandbera þá staði sem viðsjáarvert er að þurfi.

A-götur eru merktar með rauðum lit á vetrarkorti.

B-götur:

B-götur Leiðir að skólum, leikskólum, safngötur, milligötur og ákveðin plön og húsagötur.

Þjónustustig.

Markmið að halda viðnámsstuðli yfir 0,25 (hálfu þegar viðnámsstuðull er undir 0,25) á tímabilinu 07:30 – 17:00 virka daga.

Mat verkstjóra á vakt byggist á áætlaðri umferð, fyrirsjáanlegri hættu.

B-götur eru merktar með gulum lit á vetrarkorti.

C-götur

C-götur Aðrar götur sem þarf að hafa í huga vegan hálfu

Þjónustustig.

Markmið að halda viðnámsstuðli yfir 0,25 (hálfu þegar viðnámsstuðull er undir 0,25) á tímabilinu 07:30 – 17:00 Virka daga.

Mat verkstjóra á vakt byggist á áætlaðri umferð, fyrirsjáanlegri hættu.

C-götur eru merktar með grænum lit á vetrarkorti.

D-götur

D-götur eru húsagötur og botngötur, minni götur.

Þjónustustig.

Almennt ekki hálfuvarið nema sérstakar aðstæður myndast.

Snjómokstur-götur

Snjómokstri skal vera stýrt af viðkomandi verkstjóra á vakt hjá ÞMH.

Leitast er eftir að snjór eða ís hefti ekki flæði umferðar og reynt að halda umferðaröryggi í lagi.

Passa skal að á gatnamótum hlaðist ekki snjór upp og birgi sýn. Snjómokstur skal hefjast innan við 10cm snjóþykkt.

Óumflýjanlega mun snjór hlaðast upp framan við innkeyrslur við snjóruðning. Hafnarfjarðarbær hreinsað ekki þennan snjóhlaðning

Götum í Hafnarfirði er skipt upp í 3 flokka

A-götur (rauðar) Aðalgötur, strætóleiðir, stofngötur

B-götur (bláar) Safngötur

C-götur húsagötur og botngötur, minni götur.

A-götur:

A-götur (rauðar) eru aðalgötur, strætóleiðir, stofngötur.

Þjónustustig.

Markmið að halda götum opnum á tímabilinu frá 07:00 – 20:00 alla daga.

A-götur eru í forgangi nr 1. í snjómokstri, reynt að halda eðlilegu flæði umferðar.

B-götur:

B-götur (bláar) Safngötur

Þjónustustig.

Markmið að halda götum opnum á tímabilinu 07:00 – 19:00 virka daga.

Snjómokstur á B-götum hefst þegar tryggt er að A-götum hefur verið sinnt.

Framkvæmt eftir ákvörðun viðkomandi verkstjóra á vakt hjá ÞMH.

(Ákvörðun á snjómokstri byggist á þörfum, veðurspám og tækjakosti).

C-götur:

B-götur (bláar) Húsgötur, botngötur og minni götur.

Þjónustustig.

Snjómokstur skal hefjast þegar A og B götum hefur verið sinnt.

Framkvæmt eftir ákvörðun viðkomandi verkstjóra á vakt hjá ÞMH.

(Ákvörðun á snjómokstri byggist á þörfum á A og B-götum, veðurspám og tækjakosti).

Reynt að láta snjó ekki hlaðast upp eftir bestum kosti.

Viðmið: Allir fólksbílar útbúnir til vetraraksturs geti komist leiðar sinnar.

Stígar og stéttar

Snjómokstur á stígum og stéttum skal forgangsraða og taka mið af göngu að skólum, stofnunum og miðbæ. Verkstjóri frá Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar stýrir undirbúningi og framkvæmd. Kort með forgangsroðun á hálfu og snjóruðningi skal vera aðgengileg á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.

Notast við þau tæki sem Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar á. Til staðar eru 3 traktórar með sandkassa og plóg. Þjónustumiðstöð vinnur við hálfu og snjómokstur á vinnutíma þ.e.a.s. frá 07:30 – 17:00 virka daga.

Almennt skal gæta að gönguleiðir séu greiðfærar á gatnamótum, þar sem gangstéttar mættast og þar sem gönguleið er yfir götu, einnig skal hreinsa vel frá strætóskýlum þannig að það sé greiðfært að og frá þeim. Verkstjóri á vakt metur hvort þurfi að sanda þegar gönguleiðir eru ruddar og skal sandmagn þá vera um 50- 70 gr á m².

Gönguleiðum í Hafnarfirði er skipt í 3 flokka

- A – gönguleiðir Aðalgönguleiðir, gönguleiðir að skólum og milli hverfa
- B – gönguleiðir Aðrar helstu gönguleiðir
- C – gönguleiðir minni gönguleiðir, húsagötur og fleira.

A-gönguleiðir

Aðalgönguleiðir, gönguleiðir að skólum og milli hverfa (sjá kort) merkt með rauðu.

Þjónustustig.

Halda skal göngustígum og stéttum greiðfærum og leitast eftir að hafa snjó og ís í lágmarki. Um er að ræða stéttar og stíga sem eru 1,3 – 3.0 m á breidd.

Tímasetning og framkvæmd.

Reynt að halda gönguleiðum greiðum frá 10:00 -17:30 virka daga.

Hálkueyðing og snjómokstur skal vera ákvörðun viðkomandi verkstjóra á vakt hjá PMH.

Hann skal ákveða hvort eða hvenær eigi að moka og hvort eða hvenær skal háлкуverja (sanda).

B-gönguleiðir

Helstu gönguleiðir (sjá kort) merkt með grænu.

Þjónustustig.

Halda skal göngustígum og stéttum greiðfærum og leitast eftir að hafa snjó og ís í lágmarki. Um er að ræða stéttar og stíga sem eru 1,3 – 3.0 m á breidd.

Tímasetning og framkvæmd.

Hálkueyðing og snjómokstur skal vera ákvörðun viðkomandi verkstjóra á vakt hjá PMH.

Hann skal ákveða hvort eða hvenær skuli farið í B-gönguleiðir.

C-gönguleiðir

minni gönguleiðir, húsagötur og fleira. (ómerkt á korti)

Þjónustustig.

Gönguleiðir almennt ekki háлкуvarðar eða ruddar

Tímasetning og framkvæmd.

Þegar viðverandi háлка eða snjócoma er skal verkstjóri á vakt hjá PMH meta og velja staði sem fara þurfi í eftir að Búið er að tryggja að A og B gönguleiðir séu greiðfærar.


*Halldór Ingólfsson
Framkvæmdasvið*

Vetrarkort

Gerð hafa verið kort sem sýna hvaða götur/stígar séu mokaðar (hálkuvörðir) og í hvaða forgangi.


Kortin eru endurskoðuð reglulega og tekið er saman ábendingar og kvartanir og þær metnar hvort breyta þurfi leiðum. Einnig er tekið saman ábendingar sem starfsmönnum finnst að þurfi að breyta og það skoðað með heildina í huga.

GATNAKORT snjó og hálkuvörn okt 2014 (*Gatnakort í stærð A4 bls 25, fylgiskjal 1*)




GÖNGUSTÍGAKORT snjó og hálkuvörn okt 2015 (*Stígakort í stærð A4 bls 26 fylgiskjal 2*)


VINNUKORT Leið 2 götur okt 2014 (Vinnukort 2 í stærð A4 bls 28 sem fylgiskjal 4)




VINNUKORT Leið 1 stéttar og stígar okt 2015 (Vinnukort 1 í stærð 4 einnig bls 29 sem fylgiskjal 4)



VINNUKORT Leið 3 stéttar og stígar okt 2015 (Vinnukort 3 í stærð A4 einnig bls 31 sem fylgiskjal 6)



VINNUKORT Snjómokstur skipting hverfa á verktaka okt 2015



Tæki Þjónustumiðstöðvar

Tæki sem Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar hefur til notkunar í snjómokstur eru eftirfarandi:

GÖTUR

A. Iveco flokkabíll (80002)	árgerð 2014	útbúinn með tönn og saltdreifara
B. Iveco flokkabíll (80003)	árgerð 2007	útbúinn með tönn og saltdreifara
C. Iveco flokkabíll (80004)	árgerð 2007	útbúinn með tönn og saltdreifara
D. Man krókheysisbíll	árgerð 2013	útbúinn með tönn og salt/pækildreifara
E. Caterpillar grafa (82002)	árgerð 1971	útbúinn með stóra skóflu
F. McCormic traktór stór (82010)	árgerð 2006	útbúinn með tönn og sanddreifara
G. L-200 pallbíll (81008)	árgerð 2007	notaður til umsjónar og eftirlits
H. L-200 pallbíll (81009)	árgerð 2007	notaður til umsjónar og eftirlits

STÉTTAR OG STÍGA

- I. McCormic traktór lítill (82008) árgerð 2006 með tönn og sanddreifara
- J. Fendt ID traktór lítill (82006) árgerð 1990 með tönn og sanddreifara
- K. John D traktór lítill (82009) árgerð 2005 með tönn og sanddreifara



Einnig eru sanddreifara á öllum skólum þar sem starfsmenn geta hákuvarið sjálfir.

Verkstaðir

Í Hafnarfirði eru 7 skólar, 18 leikskólar, 11 stofnanir og ca 12 sérbyli.

Bílastæði miðbænum.

Gatnakerfi um 140 km

Stétta og stígakerfi um 200 km

Efni

Salt til hákuvarnar er keypt af Saltkaup ehf og er 3 ára samningur í gangi. Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar hafa aðgang að skemmu hjá Saltkaup allan sólahringinn og skrá sjálfir úttektarmagn eftir vigt. Einnig kaupum við þækil frá Saltkaup.

Hálkusandur er keyptur af Vatnsgarðsnámum og erum við með 10 % afslátt af öllu efni frá þeim.

Íbúum Hafnarfjarðar er boðið upp á að fá sandpoka hjá PMH eða komast í sand og moka sjálf í poka.

Útköll

Verkstjórar í snjómokstri fylgjast með ástandi vega, veðurfari, langtímaspám og veðurútliti framundan þess mat á líðandi stundu. Auk þess eru vaktstjórar hjá Hagvögnum (strætó) sem tilkynna inn á nóttu til varðandi snjó og hálku á þeim tíma.

Starfsmenn

Heildar starfsmannafjöldi sem getur unnið í snjómokstri eru 11 starfsmenn. 2 starfsmenn eru á vakt í senn ásamt verkstjóra og stendur hver vakt í viku frá miðvikudegi að morgni næsta miðvikudags, ef vaktaskipti lenda á helgidag þá er skipt kl 15:30.

Vegna vinnutímaskyldu/hvíldarákvæða í kjarasamningum er oft erfitt að manna snjómokstur á mesta álagstíma. (Samfelldur hvíldartími skal vera 35 klst samfelld 1x í viku. 11 stunda samfelld hvíld skal vera á hverjum sólahring, þó er heimilt að skerða við neyð og þá má aðeins skerða í 8 klst ef algjör neyð skapast.)

Aðkeyptar vinnuvélar (verktakar)

Fækkað hefur almennt tækjum sem henta til snjómoksturs þess mikið er orðið um hjólagröfur í stað traktorsgröfur. Í dag erum við samt ágætlega staddir með verktaka og Hafnarfjarðarbær er með samning við 4 aðila um að hafa Hafnarfjarðarbæ í forgang. Síðan er verktökum boðið að skrá sig á lista og hringt í þá ef þörf er á fleiri tækjum.

Verktakar á samning árið 2015-16 eru eftirfarandi:

Samningsbundnir:

Hraun og Sand ehf, 4 tæki (4 hverfi)

tengiliður Ellert Alexanderson. s: 696-0874

JCB traktorsgrafa 3cx

JCB traktorsgrafa 3cx

Stór traktor 9tonna

Traktor

Payloader frá steypustöðinni

Payloader stór

Fjarðargrjót, 3 tæki (1 hverfi)

Tengiliður Þorsteinn s: 893-9510

Traktorsgrafa 9 tonna með fjölplóg og keðjur

Traktorsgrafa 9 tonna með fjölplóg og keðjur

Hjólagrafa 15 tonna

Fjarðargarðar ehf 2 tæki (1 hverfi)

Tengiliður Eiríkur s: 897-7910

Bobcat með skóflu á stíga

Traktorsgrafa með plóg og keðjur

Universal ehf 2 tæki (1 hverfi)

Tengiliður Sammi s: 861-4943

Hjólaskófla Kamatzu 6 tonna með keðjur og plóg ásamt vélamanni

Hjólagrafa 14 tonna ásamt vélamanni

Verkstjóri á vakt metur þörf á að nota verktaka þegar snjóar. Búið er að skipta hverfum niður milli verktaka þannig að þeir læri vel inn á sitt hverfi sem er mjög mikilvægt, t.d varðandi losun á snjó, lágmarka eyðileggingu á eignum bæjarins og betri þjónustu.

Verkefni verkstjóra er að fylgja forgangsröðun og eftir að aðalleiðar eru greiðfærar þá eru teknar milligötur og síðan kláraðar húsagötur þegar annað er búið. Bílastæði við skóla, leikskóla og aðrar stofnanir bæjarins eru teknar strax að lokinni fyrstu yfirferð og oftast er byrjað næstu nótt á eftir snjókomu á bílplönun.

Á haustin er haldin fundur með verktökum og þeim kynnt verksvæðið sem þeim er ætlað að vinna á og þeir beðnir um að kynna sér staðhætti ásamt að farið er yfir þær helstu áheyrslur sem verkkaupi óskar að sé framfylgt.

Innhringingar og ábendingar

Tekið er á móti kvörtunum og ábendingum í afgreiðslu ÞMH og allar hringingar í þjónustuveri er beint í afgreiðslu ÞMH.

Allar ábendingar/símhringingar eru skráðar og reynt er að fá eftirfarandi upplýsingar,

- hver hringir
- frá hvaða götu
- hvert er vandamálið

Móttakari símakvörtun reynir að meta hvort þetta sé eitthvað sem gera þarf strax við eða tilkynnir verkstjóra stöðu mála.

Ábendingar eru síðan yfirfarnar á snjófundi og skoðað hvort hægt sé að draga eitthvern lærdóm og bæta kerfið.

Dreifingin á ábendingum var eftirfarandi:

• Janúar	47 ábendingar
• Febrúar	44 ábendingar
• Mars	85 ábendingar
• April	2 ábendingar
• Maí	2 ábendingar
• Júlí	3 ábendingar
• Okt	0 ábendingar
• Nóv	11 ábendingar
• Des	387 ábendingar
Alls	580

Þó nokkuð af ábendingum er ósk um mokstur í götum en eins og gefur að skilja er ekki hægt að gera allar götur klárar á sama tíma og reynt var að láta fólkið vita að vélarnar væru í hverfinu þeirra og það kæmi vonandi fljótlega að þeirra götu.

Nokkrar kvartanir voru á þann veginn að ekki hafi sést tæki í þeirra götu en þegar að var gáð var það oft ekki rétt.

Einnig var áberandi ábendingar varðandi ósk um að sanda betur en mikil hálka hefur verið í desember og ítrekað snjóað, frost og síðan rignt/snjóað frost þannig að glerhálka myndaðist nokkuð oft. Þegar glerhálka myndast snögglega þá er það nú bara þannig að það getur tekið starfsmenn þjónustumiðstöðvar allan daginn og meira til að komst yfir stærsta hluta bæjarins.

Þó nokkuð mikið hefur verið kvartað vegna þess að stéttar og stígar voru illa færir og oft glerhálar snemma morguns eða þegar fólk var að ganga/hjóla til vinnu. Þetta er vandamál sem erfitt er að glíma við miðað við núverandi kerfi. En á vakt hjá Hafnarfjarðarbæ eru 3 aðilar og fyrsti forgangur er forgangur A í götum. Ekki er mögulegt að fjölga starfsmönnum á vakt þannig að hægt væri að fara á stíga og götur á sama tíma um nóttu eða þegar snjóar utan venjulegs vinnutíma vegna manneklu.

Einnig er koma nokkuð af ábendingum/kvörtunum frá hjólreiðafólki sem er að hjóla í vinnuna bæði í Hafnarfirði og fer á milli bæjarfélaga. Þetta er orðin mun sterkari þrýstihópur í dag en áður en kerfið okkar er meira hugsað út frá gönguleiðum barna í skóla.

Staðsetningarbúnaður

Settur var staðsetningarbúnaður í öll snjótækin okkar 2013 og er þannig hægt að fylgjast með hvar tækin eru og hvaða leið þau hafa farið. Einnig hafa verkstjórar á vakt spjaldtölvu í bifreiðum til að fylgjast með stöðu tækja. Einnig er hægt að skoða feril tækjana aftur í tíma.

Kostnaður í snjó og hálkuvörnum

Árið 2013 var kostnaður við snjómokstur 22.048.145 kr

- Þjónustumiðstöð 8.127.495 kr
- Efni (sandur/salt) 10.854.483 kr
- Verktakar 3.066.167 kr

Árið 2014 var kostnaður við snjómokstur 34.050.734 kr

- Þjónustumiðstöð 10.920.190 kr
- Efni (sandur/salt) 12.125.222 kr
- Verktakar 11.005.322 kr

Árið 2015 var kostnaður við snjómokstur 48.419.075 kr

- Þjónustumiðstöð 11.790.503 kr (áætla nív og des 4.000.000 kr)
- Efni (sandur/salt) 13.085.303 kr
- Verktakar 23.543.269 kr

Snjómokstur		2015					(áætlað)	Heildarkostn	
Mán	Verktaki	fjöldi daga	Efni	magn/Tonn salt	magn/m ³ sandur	þjónustumiðst	fjöldi daga	per mán	
Jan	1.980.627 kr.	5	120.935 kr.	267	75	2.069.534 kr.	22	4.171.096 kr.	
Feb	2.360.085 kr.	7	3.874.072 kr.	278	24	2.539.740 kr.	17	8.773.897 kr.	
Mars	3.213.519 kr.	6	2.586.071 kr.	188	0	1.678.285 kr.	17	7.477.875 kr.	
April				4		750.835 kr.	1	750.835 kr.	
Maí						13.089 kr.		13.089 kr.	
Jún								- kr.	
Júl								- kr.	
Ágú								- kr.	
Sep								- kr.	
Okt			248.402 kr.	17	30	436.300 kr.	3	684.702 kr.	
Nóv	1.100.000 kr.	4	2.227.266 kr.	169	0	1.000.000 kr.	14	4.327.266 kr.	
Des	14.889.038 kr.	20	4.028.557 kr.	307	120	3.000.000 kr.	24	21.917.595 kr.	
Sum	23.543.269 kr.		13.085.303 kr.	1.230 T	249	11.487.783 kr.	98	48.117.932 kr.	

Samantekt

Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar er útbúinn til að taka á móti venjulegu vetrarveðri en þegar snjóar mikið þarf að kalla til verktaka. Árið 2014 og 2015 hafa verið meiri um snjó, klaka og háлку en undanfarin ár og fylgt miklir frostakaflar. Reynt er eftir bestu getu að fara meðalveginn milli þess að hafa götur og stéttir og stíga vel færar, án þess þó að eyða of miklu fjármagni því hver dagur í snjó getur verið ansi dýr. Reynt er að vinna mestu hálkuvörn og snjómokstur í dagvinnu.

Götur

Þjónustustígið er í góðu standi varðandi gatnamálin. Komið hafa upp ný vandamál varðandi að mun meira hefur verið farið í húsagötur og hafa verktakarnir okkar átt í erfileikum með að staðsetja snjóinn og þarf að fara betur yfir það hvar hægt er að koma snjónum fyrir svo hann loki ekki á gangandi vegfarendur.

Stéttar og stígar

Varðandi stíga/stéttar erum við ekki að sinna þeim eins og hin sveitafelögin í kringum okkur. Munurinn liggur í því að við vinnum nánast eingöngu á stéttum og stígum á almennum vinnutíma sem getur þýtt að snjó í t.d á seinnipart föstudags og eitthvað yfir helgina og síðan fer Þjónustumiðstöð fyrst út á mánudagsmorgni að ryðja snjó, ef stígarnir eru erfiðir yfirferðar þá næst ekki að klára A- forgang á einum degi sem þá þýðir að liðið hafa 4-5 dagar sumstaðar sem ekkert hefur verið háлкуvarðir eða ruddur snjó á aðalleið stíga í bænum.

Unnið hefur verið í að uppfæra bílaflotann sem er í snjómokstri og hefur gatnahlutinn verið í forgangi en ástand traktora á stéttum er orðinn ansi slakur.

Við höfum 3 traktora með tönn og trog, mishentug og sá traktor sem passar best er orðinn 26 ára gamall og þykir mönnum mjög óþægilegt að vinna á honum. Yngsti traktorinn okkar er síðan 10 ára.

Síðustu ár hefur hjólamenning rutt sér rúm og mikil þrýstingur um að hafa aðalleiðar inn og út úr bænum hjólahæfar. Til að mæta þessum kröfum og til að hjálpa til með snjómokstur á stígum þá væri hentugast að gera sér hjólastígaplan sem yrði sett í sérforngang og unnið af verktökum, yrði sinnt í samræmi við önnur sveitafélög þeas rutt og gert klárt þannig að menn gætu hjólað í og úr vinnu. Þessir stígar sem yrði í þessum sérforngangi yrðu þá aðalleiðar sem tengjast næsta bæjarfélagi og síðan milli hverfa í Hafnarfirði. Hægt væri að hafa þennan forngang fyrr opinn en aðrar leiðar þar sem hægt væri að kalla verktaka út allan sólahringinn eftir þörfum.

Framkvæmdasvið hefur í nokkurn tíma núna óskað eftir að setja stéttar og stíga í verktöku og við það myndi álag á starfsmenn í Þjónustumiðstöð minnka og hægt væri að sinna snjómokstri í bænum mun betur.

Hafnarfjarðarbær hefur stóraukið Þjónustu við gatnakerfið með auknum tilkostnaði við notkun verktaka en eftir er að stíga skrefið í stígum og stéttum.

Halldór Ingólfsson
Framkvæmdasvið.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1	Vetrarkort snjómokstur/hálkuvörn götur
Fylgiskjal 2	Vetrarkort snjómokstur/hálkuvörn stígar / Stéttar
Fylgiskjal 3	Vinnukort snjómokstur/hálkuvörn götur kort 1 af 2
Fylgiskjal 4	Vinnukort snjómokstur/hálkuvörn götur kort 2 af 2
Fylgiskjal 5	Vinnukort snjómokstur/hálkuvörn götur kort 1 af 3
Fylgiskjal 6	Vinnukort snjómokstur/hálkuvörn götur kort 2 af 3
Fylgiskjal 7	Vinnukort snjómokstur/hálkuvörn götur kort 3 af 3

Fylgiskjal 1.

